



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 5.Október 2021 kl. 19:30

**Mætt:** Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH)

**Fjarverandi:** Fylkir Jónsson (FJ), Einar Gunnlaugsson (EG)

HKS ritaði fundargerð.

---

### 1. Keppnisdagatal 2022

Drög voru kynnt fyrir stjórn. Flest aðildarfélög hafa skilað inn sínum umsóknum um keppnir fyrir komandi keppnistímabil. Dagatalið er nánast tilbúið fyrir formannafund sem verður haldinn laugardaginn 20. nóvember.

### 2. Keppnisráð

Skrifstofa AKÍS hefur sent til keppnisráða beiðni um það þau tilnefni aðila sem mun hafa umsjón með erlendu nefndarstarfi innan NEZ. Keppnisráð eru minnt á að stutt sé í formannafund og því þarf að skila mögulegum reglubreytingum sem fyrst til regluráðs.

### 3. Brautarúttekt BA og KK

Brautarúttekir sem voru gerðar í sumar á spyrnubraut og sandspyrnubraut hjá BA og KK eru tilbúnar. Stjórn var kynntar niðurstöður úttektar. Brautarúttekirnar verða sendar til aðildarfélaganna.

### 4. Tilnefning AKÍS til Akstursíþróttafólks ársins

Engin ákvörðun tekin eins og er um hvort AKÍS tilnefni einstaklinga til akstursíþróttafólks ársins eða ekki. Skilafrestur keppnisráða er miðvikudagurinn 20. október.

### 5. Tilnefning til FIA fyrir sjálfboðaliða

Ein tilnefning kom inn til AKÍS um tilnefningu FIA um sjálfboðaliðar ársins. Unnin verður greinargerð og hún send FIA.

### 6. Önnur mál

#### Framtíðarsýn:

Stefnt að endurskoða framtíðarsýn og hún verður lögð fyrir formannafund.



Fundi slitið kl. 20:06